

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 2013 í máli nr. S-839/2012:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason aðstoðarsaksóknari.)

gegn

Ilja Volkovs

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 12. nóvember sl., var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 19. nóvember 2012, á hendur Ilja Volkovs, kennitala 000000-0000, Mánagötu 1, Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot framin í Reykjavík:

I.

1. Fyrir brot gegn vopnalögum með því að hafa, að kvöldi sunnudagsins 10. apríl 2011, á Snorrabraut borið tvo hnífa á almannafæri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

2. Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, skömmu eftir atvik þau sem lýst er í ákærulið I/1, á Snorrabraut, hótad lögreglumönnunum Haraldi Sævinssyni og Bjarna Skúlasyni, sem þar höfðu afskipti af ákærða vegna vopnalagabrotsins, líkamsmeiðingum með hnífum, en ákærði hélt hnífum á lofti og beindi þeim að lögreglumönnunum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Fyrir brot gegn valdstjórninni og tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar með því að hafa, skömmu eftir atvik þau sem lýst er í ákærulið I/2, á gatnamótum Auðarstrætis og Flókagötu, kastað öðrum hnífnum af afli í Harald Sævinsson, en hnífurinn hafnaði flatur í bringuhæð á hnífavesti hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 2. mgr. 218. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, laugardaginn 13. ágúst 2011, fyrir utan kaffistofu Samhjalpar við Borgartún 1, ráðist með ofbeldi á lögreglumanninn Marinó Inga Emilsson, sem var þar að gegna skyldustörfum, en ákærði veitti Marinó hnésþark í vinstra lærið, með þeim afleiðingum að Marinó hlaut yfirborðsáverka á mjöðm og læri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, að kvöldi þriðjudagsins 11. september 2012, í lögreglubifreið á leið frá Norðurfelli að lögreglustöðinni á Hverfisgötu, ráðist með ofbeldi á lögreglumanninn Kristmund Stefán Einarsson, sem sat við hlið ákærða, en ákærði veitti Kristmundi hnefahögg í andlitið, með þeim afleiðingum að Kristmundur hlaut roða umhverfis hægra auga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með framhaldsákæru, útgefinni 16. september 2013, var þess aðallega krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, en til vara að honum verði gert að sæta viðeigandi öryggisráðstöfunum samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga. Þá var ítrekuð krafa um að hann yrði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Hann krefst þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun verjanda hans.

II

Málavextir varðandi I. kafla ákæru eru þeir að Sigurjón Þórðarson lögreglumaður var á ferð um Snorrabraut nefndan dag og tók þá eftir manni í annarlegu ástandi sem öskraði að lögreglubílnum. Lögreglumaðurinn stöðvaði bílinn og dró þá maðurinn upp tvo hnífa sem hann sveiflaði út í loftið. Lögreglumaðurinn óskaði eftir aðstoð og komu fleiri lögreglumenn á vettvang. Samkvæmt skýrslunni hlýddi ákærði ekki fyrirmælum um að leggja frá sér hnífana

heldur hélt áfram að ógna lögreglumönnum með þeim. Þeir sprautuðu piparúða á hann en það virtist engin áhrif hafa. Að lokum hugðust tveir þeirra handtaka ákærða en hann kastaði þá öðrum hnífnum af miklu afli, eins og segir í skýrslunni, í Harald Sævinsson lögreglumann. Lenti hnífurinn í bringu hans. Hann var klæddur hnífavesti og varð ekki meint af. Í framhaldinu var ákærði yfirbugaður og handtekinn.

Málavextir varðandi II. kafla eru þeir að nefndan dag var óskað eftir aðstoð lögreglu að kaffistofu Samhjalpar vegna ölvaðs manns sem þar væri til vandræða. Hér reyndist vera um ákærða að ræða og báðu lögreglumenn hann um að yfirgefa kaffistofuna. Ákærði brást hinn versti við samkvæmt því er segir í lögregluskýrslu. Lögreglumennirnir leiddu hann því út og á leiðinni sparkaði ákærði með hnenu í læri Marinós Inga Emilssonar lögreglumanns. Hann fór á slysadeild og í vottorði þaðan segir að hann hafi ekki verið með sjáanleg áverkamerki en þreifiefmsli yfir ofanverðu læri hliðlægt.

Málavextir varðandi III. kafla eru þeir að nefndan dag var óskað eftir aðstoð lögreglu að biðstöð Strætó við Norðurfell. Þar var ákærði ölvaður í strætisvagni og hafði verið að ónáða farþegana. Honum var vísað út úr vagninum og fór hann inn á lóð Fellaskóla og kastaði þar af sér vatni. Lögreglumenn fóru til hans og hugðust ræða við hann um hegðun hans. Var hann færður í lögreglubílinn til viðræðna. Er þangað var komið neitaði ákærði að gefa upp kennitölu og aðrar upplýsingar um sig. Hann var því handtekinn og honum tilkynnt að hann yrði fluttur á lögreglustöð. Á leiðinni þangað hringdi sími ákærða og skipaði lögreglumaður honum að svara ekki. Ákærði sinnti því ekki og tók þá lögreglumaðurinn af honum símann. Við það kýldi ákærði lögreglumanninn í andlitið með krepptum hnefa. Ákærði var í framhaldinu fluttur á lögreglustöð og vistaður í fangaklefa. Lögreglumaðurinn fór á slysadeild og í vottorði þaðan segir að það hafi verið vægur roði umhverfis hægra auga allan hringinn.

Þar eð vafi þótti leika á um sakhæfi ákærða var Sigurður Páll Pálsson yfirlæknir dómkvaddur 8. maí 2013 til að leggja mat á geðheilsu hans. Fyrir hann var lagt að meta eftirtalin atriði: „1. Lagt verði mat á það hvort Ilja Volkovs hafi verið sakhæfur á þeim tíma sem hann er ákærður fyrir (10. apríl 2011 – 11. september 2012) í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga.

2. Lagt verði mat á það hvort ástand Ilja Volkovs hafi á ofangreindum tíma/tímabili verið með þeim hætti að 16. gr. almennra hegningarlaga hafi átt við um hann og hvort refsing geti borið árangur.

3. Lagt verði mat á geðrænt heilbrigði Ilja Volkovs nú og hvort refsing geti borið árangur samkvæmt 16. gr. almennra hegningarlaga eins og hagir hans eru í dag.

4. Lagt verði mat á það, ef talið verður að 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við um Ilja Volkovs, sbr. 1. – 3. tölulið hvort nauðsynlegt þyki vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því að háski verði af Ilja Volkovs með því að hann sæti öruggri gæslu, eða hvort beita skuli vægari ráðstöfunum eða vistun á hæli, sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga.“

Matsmaðurinn kom fyrir dóm 13. september 2013 og skýrði frá niðurstöðum sínum, sbr. 2. mgr. 130. gr. laga nr. 88/2008. Hann kvaðst hafa hitt ákærða tvisvar

og hefði rússneskur geðlæknir túlkað fyrir hann. Hann kvað vitað að ákærði hefði fengið geðrofseinkenni í heimalandi sínu. Hann hefði komið til Íslands fyrir um 6 árum með móður sinni. Í fyrstu hefði allt gengið vel og hann verið í vinnu en síðar hefði hann misst hana vegna hegðunarvanda og eins áfengisvanda. Þá kvað matsmaðurinn ákærða hafa legið inni á geðdeildum þrisvar sinnum. Í framhaldi af fyrstu innlögninni hefði ákærði verið settur á lyf, en hann hefði verið lagður inn vegna þess atviks sem um er fjallað í fyrsta kafla ákæru. Hann kvað ástand ákærða hafa þá verið þannig að verið gæti að 15. gr. almennra hegningarlaga ætti við en alls ekki varðandi þau tilvik sem um getur í II. og III. kafla ákæru. Í þeim tilvikum hefði áfengisneysla og reiði út í lögregluna ráðið gerðum hans. Í framhaldi af atvikinu, sem um er fjallað í I. kafla, hafi ákærði verið lagður inn á geðdeild.

Matsmaðurinn lýsti ákærða sem misþroska og barnalegum manni sem misnotaði áfengi og stundum hefði hann og misnotað fíkniefni. Hann væri ekki alvarlega vangefinn og gæti lært þótt greind hans lægi undir 70. Þá stundaði hann vinnu stopult, enda þyrfti hann aðhald og stýringu. Hann taldi líklegt að ákærði hefði fengið geðrof en væri ekki með geðklofa. Þá kvað hann ákærða hafa orðið fyrir heilaskaða við fæðingu og gerði það hann viðkvæmari fyrir geðrofi. Núna væri það hins vegar félagslegi þátturinn sem væri honum erfiðastur og hjá honum örlaði á andfélagslegri hugsun. Hann ætti aldrei peninga og ætti í vandræðum með áfengisneyslu. Þá kvað hann ákærða vera kærulausan og hann gerði sér ekki grein fyrir því hversu alvarleg ákæran væri.

Þá kvað matsmaðurinn að strangt til tekið gæti refsing borið árangur og hann myndi þola hana. Ákærða væri hins vegar ágætlega borgið ef hann væri í geðlæknismeðferð og gæti haldið sig frá áfengi.

III

Ákærði neitaði sök við þingfestingu. Hann sótti ekki þing fyrr en aðalmeðferð var hafin. Þá ítrekaði hann neitun sín en kvaðst að öðru leyti ekki ætla að tjá sig og skömmu síðar yfirgaf hann dómsalinn.

Sigurjón Þórðarson lögreglumaður kvaðst hafa verið einn í bíl á akstri eftir Snorrabraut þegar hann hafi orðið var við ákærða sem hafi öskrað að lögreglubílnum. Ákærði hefði svo tekið upp tvo hnífa og sveiflað þeim út í loftið. Hann hefði síðan nálgast lögreglubílinn öskrandi. Sigurjón kvaðst hafa ekið á brott til að koma í veg fyrir að ákærði kæmist að bílnum. Ákærði hefði þá snúið við og tekið reiðhjól er var þarna. Sigurjón óskaði eftir aðstoð og hafði auga með ákærða þar til hún barst. Þegar fleiri lögreglumenn komu var reynt að ræða við ákærða og fá hann til að leggja frá sér hnífana, en það gekk illa vegna þess að hann var í annarlegu ástandi. Meðan á þessu stóð hélt ákærði á hnífunum og var að ógna lögreglumönnum með þeim með því að ota hnífunum í átt að þeim. Lögreglumennirnir sprautuðu piparúða á ákærða, en það hafði ekki mikil áhrif á hann. Ákærði hefði svo hlaupið á brott og skömmu síðar hefðu lögreglumenn náð að yfirbuga hann. Sigurjón kvaðst hafa séð ákærða kasta hníf í bringu lögreglumanns og hlaupa svo á brott.

Haraldur Sævinsson lögreglumaður kvaðst hafa komið á vettvang, en tilkynning hefði borist um að þar væri maður að veifa hnífum. Á vettvangi hefði ákærði verið á reiðhjóli og kvaðst Haraldur hafa talað við hann en hann hefði þá dregið upp hníf. Haraldur kvaðst hafa beðið ákærða um að leggja frá sér hnífinn og dregið upp kylfu um leið en þá hefði ákærði dregið upp annan hníf. Haraldur kvaðst hafa ítrekað skipun sína til ákærða um að leggja frá sér hnífana og jafnframt dregið upp úðabrusa, en ákærði hefði engu hlýtt fyrir mælum hans heldur hörfað undan. Lögreglumenn hefðu fylgt honum eftir og ítrekað fyrir mæli til hans um að leggja frá sér hnífana. Jafnframt hefði piparúða verið úðað á ákærða, en það hefði lítil áhrif haft á hann. Ákærði hefði haldið á brott og lögreglumennirnir fylgt honum eftir og úðað meiru á hann auk þess að ítreka fyrir mæli sín um að hann legði frá sér hnífana, en hann hefði engu sinnt. Að endingu hefði ákærði grýtt öðrum hnífnum í sig og hefði hann lent í vinstra brjósti sínu. Eftir þetta hefði ákærði hlaupið inn í húsagarð þar sem hann hefði fest sig í runna og þar hefði hann verið handtekinn. Haraldur kvað ákærða hafa sveiflað hendinni aftur fyrir sig og kastað hnífnum þannig í sig. Hnífurinn hefði lent flatur í sér og hefði hann fundið fyrir högginu, en hann hefði verið í hnífaheldu vesti. Ákærði hefði verið mjög æstur en Haraldur kvaðst ekki geta staðfest að hann hefði verið undir einhvers konar áhrifum.

Bjarni Skúlason lögreglumaður kvaðst hafa komið á vettvang og þá hafi annar lögreglumaður verið þar að reyna að tala við ákærða og fá hann til sleppa hnífnum, en hann hefði haldið á tveimur. Bjarni kvað manninn ekki hafa viljað sleppa þeim og verið mjög ógnandi og otað hnífnum í áttina að lögreglumönnum og gert sig líklegan til að beita þeim. Þeir hefðu því úðað piparúða á ákærða sem hefði brugðist við með því að kasta öðrum hnífnum í átt að hinum lögreglumanninum og hefði hnífurinn lent í brjóstakassa hans. Bjarni kvað ákærða hafa horft á lögreglumanninn og kastað hnífnum. Hann hefði ekki kastað honum blint. Hann hefði haldið höndunum fyrir aftan sig og kastað hnífnum fram. Eftir það hefði ákærði hlaupið á brott og þeir á eftir og úðað meiru á hann. Á endanum hefði ákærði fest sig í runna og þar hefði hann verið handtekinn.

Marinó Ingi Emilsson lögreglumaður kvað lögreglumenn hafa verið kvadda að kaffistofu Samhjalpar vegna ölvaðs manns, sem reyndist vera ákærði. Á vettvangi bað starfsfólkið um að honum yrði vísað út vegna þess að hann hefði verið með dólglæti. Marinó kvað lögreglumenn hafa tekið undir hendur ákærða og fært hann út. Þegar út var komið kvað hann ákærða hafa sparkað í lærið á sér með hnénu og hefði hann verið handtekinn í framhaldinu. Marinó kvaðst hafa verið aumur á eftir en ekki hafa borið nein ummerki um sparkið.

Flosi Brynjólfsson lögreglumaður kom á vettvang í kaffistofu Samhjalpar ásamt Marinó. Þeir hefðu fært ákærða út og í anddyrinu hefði hann sparkað í læri Marinós af afli og að tilefnislausu. Í framhaldinu hefði ákærði verið handtekinn og færður á lögreglustöð.

Þorvaldur Sigmarsson lögregluvarðstjóri kvað sig og Kristmund Stefán Einarsson lögreglumann hafa handtekið ákærða, sem var ölvaður, og fært í lögreglubifreið. Þar hefði sími ákærða hringt og hefði Kristmundur gefið honum fyrir mæli um að svara ekki en ákærði ekki sinnt því þótt Kristmundur hefði ítrekað fyrir mæli sín. Kristmundur hefði þá ætlað að taka símann af ákærða og hefði komið til handalögmála milli þeirra í bílnum og í þeim átökum hefði Kristmundur fengið

högg í andlitið frá ákærða. Þorvaldur, sem var ökumaður, kvaðst hafa séð þá takast á en hann kvaðst ekki hafa séð þegar ákærði sló Kristmund. Þá kvað Þorvaldur Kristmund hafa verið með gleraugu sem hefði sést á eftir átökin. Eins hefði sést á honum sjálfum og hefði hann farið á slysadeild.

Kristmundur Stefán Einarsson lögreglumaður kvað að tilkynnt hefði verið um ákærða ölvaðan í strætisvagni. Eftir að hafa rætt við hann hefði honum verið leyft að fara en þá hefði hann kastað af sér vatni á skólalóð og verið handtekinn. Lögreglumennirnir hefðu verið á fólksbíl og kvaðst Kristmundur hafa setið afturí ásamt ákærða. Sími ákærða hefði hringt og kvaðst Kristmundur ítrekað hafa skipað honum að svara ekki en ákærði hefði engu að síður svarað símanum. Kristmundur kvaðst þá hafa tekið símann af ákærða sem við það hefði kýlt hann einu höggi í andlitið. Höggið hefði lent í kringum hægri auga. Eftir þetta hefði ákærði verið tekinn lögreglutökum og færður á lögreglustöð.

Læknarnir, sem rita framangreind læknisvottorð, staðfestu þau. Læknirinn, sem skoðaði Kristmund Stefán Einarsson, kvað áverka hans geta samrýmst því að hann hefði fengið hnefahögg í andlitið og væri það reyndar langlíklegast.

IV

Ákærði neitar sök en hefur að öðru leyti ekki tjáð sig um ákæruefnin eins og rakið var. Með framburði lögreglumannanna, sem rakinn var hér að framan er sannað að ákærði hafi borið tvo hnífa á almannaferi eins og honum er gefið að sök í 1. lið I. kafla ákæru. Með framburði lögreglumannanna er á sama hátt sannað að ákærði hafi hótað lögreglumönnum á þann hátt sem lýst er í 2. lið sama kafla ákærunnar. Loks er sannað með framburði lögreglumannanna að ákærði hafi kastað hníf í lögreglumann eins og honum er gefið að sök í 3. lið. Meðal gagna málsins er mynd af hnífnum. Hann er oddhvas og rúmlega 20 cm langur. Bláðið er rúmlega 11 cm.

Með framburði lögreglumanna, sem rakinn var hér að framan, er sannað að ákærði hafi veist að lögreglumönnum með ofbeldi eins og honum er gefið að sök í II. og III. kafla ákæru. Fær framburður þeirra stuðning af læknisvottorðum sem rakin voru.

Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í ákærunni og eru brot hans þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Hér að framan var gerð grein fyrir niðurstöðu dómkvaddis matsmanns sem lagði mat á geðhagi ákærða. Með vísun til þess, sem þar kemur fram, er ekki ástæða að efast um sakhæfi ákærða. Við ákvörðun refsingar verður að hafa í huga að ákærði réðst með ofbeldi að lögreglumönnum í þrjú skipti. Í eitt skiptið gerði hann tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar með því að kasta hnífnum, sem lýst er hér að framan í lögreglumann. Verður refsing hans því ákveðin 12 mánaða fangelsi.

Ákærði verður dæmdur til að greiða sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ilja Volkovs, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði 144.400 krónur í sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 429.837 krónur.

Arngrímur Ísberg